

Alþingi
Erindi nr. P 131/173³
komudagur. 29.4.2005



LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Nefndasvið Alþingis,
v/sjávarútvegsnefndar,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 28. apríl 2005.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða - þskj. 239.

Vísað er til bréfs sjávarútvegsnefndar þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða 38/1990, 239. mál.

Með lögum um stjórn fiskveiða sem byggja á framseljanlegum aflaheimildum hefur tekist að gjörbreyta afkomu íslensks sjávarútvegs og þar með þeirri arðsemi sem íslensk þjóð hefur af nýtingu fiskistofnana. Það er grundvallaratriði að atvinnuréttur þeirra sem nýta fiskistofnana sé virtur og að ekki verði um mismunun að ræða með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu. Það er ljóst að með varanlegu fyrirkomulagi framseljanlegra aflaheimilda og þeim eignarréttarlegu áhrifum sem því fylgir hefur ábyrgð varðandi nýtingu fiskistofna gjörbreytt. Þeir sem nýta fiskistofnana hafa keypt veiðiheimildirnar í því trausti að eignarréttur þeirra verði virtur. Ákvæði frumvarpsins grafa undan stöðugleika í stjórn fiskveiða og þar með því trausti og þeirri ábyrgð sem ríkir, auk þess sem þau standast ekki ákvæði stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttarins. Við leggjum því til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Rétt er að taka fram að stjórnvöld reka nýtingarstefnu í skjóli valdheimilda sinna sem m.a. felur í sér ákvörðun heildarafla úr hverjum fiskistofni, veiðisvæði, veiðitímabil, með hvaða veiðarfærum heimilt er að stunda veiðar á hverju veiðisvæði, möskvastærð, útbúnað veiðarfæra o.s.frv. sem allt er liður í því að stuðla að ábyrgri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri